

**Ed.**

**279. Frumvarp til laga**

[152. mál]

um breyting á lögum nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Geir Gunnarsson.

**1. gr.**

26. gr. laganna orðist svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 19 000 kr. og útsvar einstaklinga um 13 500 kr. Fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 2 700 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 5 400 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Fella skal niður útsvör, sem eru 3 000 kr. og lægri.

Útsvar skal lagt á í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæðum en 100 kr. skal sleppt.

Skýlt er að hækka eða lækka persónufrádrætti samkvæmt þessari grein í samræmi við breytingar á skattvísitölu frá því sem hún er ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1975.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1975.

**Greinargerð.**

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er persónufrádráttur við álagningu útsvara fastbundinn að krónutölu. Útsvör, sem eru ákveðinn hluti af tekjum næstliðins árs, skal lækka um 7 000 kr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, og útsvör einhleypinga um 5 000 kr. Fyrir hvert barn, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Núgildandi lög um útsvarsálagningu giltu fyrst við álagningu árið 1972. Þrátt fyrir að meðalbrúttótekjur einstaklinga hafi hækkað um nálægt 170% samanlagt á árunum 1972, 1973 og 1974 gilda enn sömu krónutölur persónufrádráttar við útsvarsálagningu. Gildi persónufrádráttar til jöfnunar milli gjaldenda vegna mismunandi framfærslubyrðar hefur því rýrnað verulega að því er varðar útsvarsálagningu.

Laun munu almennt hafa hækkað um 37% á árinu 1973, en heildarupphæð álagðra útsvara í landinu hækkaði á árinu 1974 um 47%. Gera má ráð fyrir, að brúttótekjur til útsvarsálagningar á þessu ári (tekjur 1974) nemi um 88 000 millj. kr. og hækki um 31 000 millj. kr. á einu ári, en lækkun útsvara vegna persónuafsláttar nam í fyrra um 600 millj. kr. Sú upphæð mun haldast nánast óbreytt á þessu ári, ef ekki kemur til breyting á ákvæðum laga. Á sama tíma má gera ráð fyrir að heildarupphæð útsvara aukist um a. m. k. 3 000 millj. kr.

Sérstök aukning útsvara af völdum hækkunar á krónutölu launa verður gjaldendum sérlega þunghær nú, þegar verðbætur á laun eru stöðvaðar, kaupmáttur launa fer dagmínkandi vegna verðhækkana og veruleg hætta er á að samdráttur í atvinnulífi valdi lækkun krónutölu tekna á gjaldárinu. Er því með frumvarpi þessu lagt til að persónufrádráttur við útsvarsálagningu verði aukinn svo, að miðað við breytingar á krónutölu launa s. l. 3 ár verði hann jafngildur og þegar lögín voru sett. Jafnframt er lagt til, að persónufrádrættir við álagningu útsvara verði eftirleiðis háðar breytingum á skattvísitölu.